



## 1. formannafundur Aftureldingar 3. maí 2012

**Fundur settur kl. 18:00 í skólastofu 6 að Varmá.**

Mætt frá deildum: Badminton: Stefán A. Stefánsson. Blakdeild: Guðrún Kristín Einarsdóttir. Fimleikar: Eva Magnúsdóttir. Frjálsar: Ólafur S. Óskarsson, Hlynur Chadwick. Handbolti: Inga Lilja Lárusdóttir. Karate: Andrea M. Jónsdóttir. Knattspyrnudeild: Hanna Símonardóttir, Friðrik Gunnarsson. Sunddeild: Haukur Ómarsson. Taekwondo: Ellen Ingimundardóttir. Enginn mættur frá körfuknattleiksdeild og engin forföll boðuð.

Mætt frá aðalstjórn: Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir og Jóhann framkvæmdastjóri. Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Gylfi Gíslason og Hekla Klemenzdóttir boðuðu forföll

1. Tilnefning formanna á einum fulltrúa í siðanefnd.
2. Farið yfir Errea samninginn og skyldur okkar.
3. Umræða um Landsmót 50+ og skipun í undirbúningsnefnd.
4. Bæjarhreinsun um næstkomandi helgi.

### 1. Tilnefning formanna á einum fulltrúa í siðanefnd.

Guðjón kynnti formönnum að Rakel Heiðmarsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir yrðu áfram í siðanefnd fyrir hönd aðalstjórnar og Rakel væri formaður. Formenn eiga að tilnefna þriðja mann í nefnd. Ákveðið að fresta vali til næsta formannafundar. Formenn hvattir að senda framkvæmdastjóra tillögu hið fyrsta.

### 2. Farið yfir Errea samninginn og skyldur okkar

Helga kynnti samning og að búið væri að fara yfir stöðu mála með öllum deildum, úttektir deilda og hvað þær eiga inni. Aðalstjórn fundar með Errea mönnum á næstunni til að fara yfir stöðu mála. Birtur verður kafli úr samningnum á heimasíðu félagsins til að ítreka mikilvægi þess að farið verði eftir búningasamningi við kaup á búningum fyrir yngri flokka. Samningur gildir til september 2014. Töluverðar umræður spunnust, m.a. um samskipti við Errea menn, langan afgreiðslufrest, ódýrari boli og lítinn lager. Umræður um úlpuinnkaup meistaraflokks karla í handknattleik.

### 3. Landsmót 50+.

Helga kynnti stöðu mála. Stofna þarf undirbúningsnefnd fyrir veitingasölu Aftureldingar. Hún þarf að leggja áherslu á hollustu og úrval veitinga, að allar deildir taki þátt í sölunni og vaktaplan því tengdu, settar verði upp tvær sölur (í skólanum og á íþróttasvæðinu), skiptingu ágóðans og mögulegan styrk frá byrgjum. Ákveðið að eftirtaldir deildir sendi inn tillögu um fulltrúa í nefndinni til framkvæmdastjóra fyrir kl. 20 mánudagskvöldið 7. maí: Badminton-, blakdeild, fimleika-, frjálsíþróttar-, knattspyrnu- og sunddeild. Fulltrúar Aftureldingar í undirbúningsnefnd Landsmóts 50+ beðnir að kanna hvernig fyrirhugað er að skipta ágóða móts á deildir mtt vinnuframlags tengt sérgreinum sem Afturelding sér um.

### 4. Bæjarhreinsun um næstkomandi helgi.

Tengiliður bæjarins um verkefnið hefur verið veikur undanfarið og framkvæmdastjóra gengið illa að fá upplýsingar. Hlynur kynnti svæðin og ákveðið að deildir hreinsuðu sömu svæði og þær gerðu í fyrra. Umræður um skiptingu fjármagns milli deilda. Stóru deildir hafa líka verið með meistaraflokka í hreinsuninni. Formaður bar upp tillögu um að bæjarhreinsun skiptist í tíu hluta í ár. Átta deildir taka þátt í hreinsuninni (körfubolti og

karate ekki með) og meistaraflokkar knattspyrnu og handbolta skipta með sér tveimur hlutum. Tillaga samþykkt. Aðalstjórn deilir út pokum, verkfærum og hönskum kl. 9 á laugardag og sunnudag og tekur á móti verkfærum kl. 16 sömu daga. Jóhann framkvæmdastjóri hringir hið fyrsta í Mosfellsbæ til að fá endanlegar upplýsingar um fjárhæð og athugar um leið hvort hreinsa beri meðfram Vesturlandsvegi.

#### 5. Önnur mál.

Ellen bar upp tillögu að framkvæmdastjóri stofnaði netfang: [millifaerslur@umfa.is](mailto:millifaerslur@umfa.is) til að auðvelda samskipti við gjaldkera deilda. Jóhann skoðar það.

Jóhann tilkynnir að rekstarstyrkur verði vonandi greiddur í næstu viku. Hekla, Helga og Jóhann eru að uppfæra tölur um iðkendafjölda þar sem skekkja er í núverandi reikniformúlu.

Gunna Stína spyr um húsnæðismál. Guðjón kynnir fundarmönnum tafir á framkvæmdum og útboðum. Jarðvinnsluútboð í gangi og það styttest í útboð á stálgrind og uppsetning hússins. Því alls óvíst að húsið verði tekið í notkun um áramót. Inga Lilja bendir á að úrvalsdeildarlið handboltans sé á undanþágu í sal 3. Formaður mun fara yfir þau mál með handknattleiksdeild og HSÍ.

Gunna Stína spyr um tímatöflugerð. Guðjón segir erfitt að fá inni í Lágafelli. Friðrik bendir á að knattspyrnudeild verði að fá fleiri tíma inni næsta vetur eftir slæm vetrarveður undanfarin ár. Einnig hvetur knattspyrnudeild aðalstjórn til að sækja tímanlega um leigu á aðstöðu í knattspyrnuhúsum.

Stefán vill aukið samstarf við Fjölni. Ólafur tekur undir það. Þeir hvetja aðalstjórn til að þrýsta á bæjaryfirvöld um bættar samgöngur milli Mosfellsbæjar og Grafarvogs. Jóhann tilkynnir að hann muni funda með framkvæmdastjóra Fjölnis í næstu viku, m.a. um aukið samstarf.

Guðjón kynnir fundarmönnum að bæjaryfirvöld hafi samþykkt þróunarverkefni; að greiða hluta launa íþróttafulltrúa Aftureldingar fram að áramótum (í alls 7 mánuði) til móts við framlag Vinnumálastofnunar. Afturelding þurfi mögulega að greiða síðustu 4 mánuði verkefnisins með Vinnumálastofnun. Fundarmenn samþykkja framlag Aftureldingar með mótframlagi Vinnumálastofnunar skv. tekjuskiptingu deilda félagsins svo fremi sem ekki hafi tekist samningar við Mosfellsbæ eða ekki hafi náðst styrktarsamningar til handa Aftureldingu um áramót.

Annað ekki gert. Fundi slitið klukkan 20:00.

Fundargerð ritaði Kristín Reynisdóttir